



1. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2019 - 2020 haldinn fimmtudaginn 29. ág. 2019 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Steinþór Einarsson varaformaður, Frosti Jónsson, Þorgerður Anna Arnardóttir og Sigrún María Jörundsóttir. Fundinn sátu einnig Sigrún Fjóra Hilmarsdóttir fulltrúi kennara, Natalía Erla Arnórsdóttir fulltrúi nemenda og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- **Fjármál skólans:** Yfirlit yfir stöðu janúar - júlí 2019 sent út sem fylgiskjal. Í góðu lagi, fasteignakostnaður er ekki rétt skráður en breyting í kerfinu er í vinnslu. Kerfisbreytingar á skráningu hafa orðið í sambandi við eignakaup og afskriftir.
- **Innritun á haustönn 2019:** Innritunartölur fyrir haustönn 2019 voru sendar út sem fylgiskjal. 84 nemendur komust ekki inn í skólann sem voru með okkur í fyrsta val. Vildum geta litið á fyrsta val og láta þá nemendur ganga fyrir í innritun. Rætt var um að funda með skólastjórnendum í grunnskólum Garðabæjar og skólanefndinni og ræða hvað mönnum finnst um inntöku nemenda á framhaldsskólabraut á kostnað þeirra sem eru með hærri einkunnir. Einnig rætt um að biðja um fund í mennta- og menningarmálaráðuneytinu með skólameistara og formanni skólanefndar um fjölda nemendaígilda og stærra húsnæði.
- **Breytingar á starfsmannamáluum:** Yfirlit yfir breytingar á starfsmannamálum sent út sem fylgiskjal. Hinsegin fulltrúi og alþjóðafulltrúi hafa verið ráðnir á þessari önn.
- **Mötuneyti nemenda:** Nýr rekstraraðili tók við rekstri mötuneytisins á þessari önn. Nemendur mjög ánægðir með afgreiðsluna og viðmót starfsmanna. Mikið eldað og framleitt á staðnum.
- **Þriggja anna kerfið í FG:** Nemendur jákvæðir gagnvart nýju kerfi. Námskeið fyrir kennara í byrjun annar sem nýtt var til undirbúnings. Skipulagslega hefur þetta gengið vel í byrjun. Allir almennt ánægðir. Gott væri að fá meistaraneina til að gera úttekt á hvernig til tekst með þriggja anna kerfi.
- **Önnur mál**
Nýr verðlisti á þjónustu í FG kynntur. Lítið um breytingar, nemendur hafa ekki gert athugasemdir við gjaldskrá. Efnisgjöld hafa verið lögð niður.
Slóð á nýja heimasíðu FG www.fg.is - kominn var tími til að uppfæra heimasíðuna.

Fundi slitið kl. 12:45

Lagt er til að næsti fundur skólanefndar verði mánudaginn 14. 10. 2019 kl.12

Fundarritari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari